

Fundargerð 16. fundar ferðamálaráðs – miðvikudagur, 19. júní 2013 kl. 8:30-10.

Fundurinn var haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu).

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Ásbjörn Jónsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson og Sævar Skaptason.

Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Undirbúningur fyrir komu ráðherra á fundinn. Formaður segir frá fundi sínum með ráðherra 29. maí s.l. þar sem farið var yfir bréf ferðamálaráðs (dags. 22. maí) til ráðherrans. Ákveðið að fara ítarlegar yfir þær áherslur með ráðherranum.

2. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Ingvar P. Guðbjörnsson aðstoðarmaður komu á fundinn kl. 9.

- Ráðherra fór yfir úrlausnarefni sem bíða á ferðamannstöðum og gjaldtökumál. Óskaði hún eftir aðstoð ráðsins við að finna góða leið í sátt við greinina.
- Rætt var um ágæta tillögu sem *Samráðsvettvangur um aukna hagsæld* hefur nú til skoðunar og ráðið fékk kynnta á síðasta fundi.
- Ferðamálaráð var ráðherra sammála því að verndun og uppbygging ferðamannastaða væri brýnasta verkefni stjórnvalda og greinarinnar. Fram kom að Ferðamálastofu hefur verið falið að gera úttekt og tillögur að færum leiðum til gjaldtöku og mun sú skýrsla liggja fyrir í júlímánuði. - Fram kom að mikilvægt sé að sveitarstjórnarstigið eigi aðild að ákvörðunartöku og hlutdeild í tekjum af einhvers konar umhverfisgjaldi.
- Ráðherra ræddi leiðir til að takast á við leyfislausu gististarfsemi og svarta atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu. Fram kom að hún myndi funda innan skamms með Lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins þar sem ANR (IVR) hefur nú tekið við löggjöf um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Skipulag greinarinnar af hálfu hins opinbera var nefnt en það þykir nokkuð brotakennt og hefur lítið breyst undanfarin ár þrátt fyrir gríðarlega aukningu umsvifa í greininni.
- Einnig var komið inn á markaðsmál og var samhljómur á meðal fundarmanna um nauðsyn þess að halda samstarfi opinberra aðila og greinarinnar áfram við að markaðssetja Ísland með það að markmiði að dreifa betur álagi og laða til landsins verðmætari ferðamenn. Ráðið bauð ráðherra aðstoð sína við að afla gagna til að renna styrkari stöðum undir rökstuðning fyrir áframhaldandi auknu fé til markaðsmála.
- Sagt var frá verkefni sem snýr að því að auka vitund landsmanna fyrir þýðingu ferðaþjónustu fyrir efnahagslíf og samfélag (sambærilegt verkefni t.d. í Seattle nefnist *Tourism Matters*) og að verkefnið ætti einnig að nýtast í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu.
- Ítrekað varmikilvægi rannsókna og nauðsyn þess að ferðaþjónustan komi að rammaáætlun á öllum stigum.

Ráðherra þakkaði fyrir að fá að hitta þennan öfluga hóp og ítrekaði væntingar sínar um gott samstarf við ferðamálaráð.

Ráðið mun hittast næst í ágúst þegar skýrsla Ferðamálastofu um leiðir í gjaldheimtu liggur fyrir. Fleira var ekki gert og sleit formaður fundi kl. 10.